

Fjallabyggð – Bæjarráð

Gránagötu 24

580 Siglufirði

Bréf til bæjarráðs 8 maí 2019

Í framhald af bréfi sem sent var bæjarráð 23 apríl 2019.

Golfklúbbur Siglufjarðar mótmælir afgreiðslu Bæjarráðs frá 30 apríl þar sem beiðni GKS um rekstrarstyrk er hafnað með eftirfarandi "rökum".

*„Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni Golfklúbbs Siglufjarðar um rekstrarstyrk þar sem um einkarekinn golfvöll er að ræða en ekki íþróttasvæði í eigu Fjallabyggðar, rekstrarstyrkir til íþróttafélaga eru einungis greiddir til þeirra félaga sem reka íþróttasvæði í eigu Fjallabyggðar“*

Forsvarsmenn GKS komu á fund bæjarráðs 26. mars sl. þar var farið yfir málefni GKS og útskýrt fyrir bæjarráði hver aðkoma GKS væri að hinum nýja golfvelli í Hólsdal, þar komu þessi sömu sjónarmið fram hjá bæjarráði, engu að síður óskaði bæjarráð eftir undirrituðum samningi á milli rekstraraðila golfvallarins og GKS og að afstaða yrði tekin með opnum huga eins og einn bæjarráðsmaður komst að orði.

Áður en þessi samningur lá fyrir var greinilega búið að ákveða að GKS fengi engan styrk, sbr. tilvitnun í afgreiðslu bæjarráðs hér að ofan.

Uppbygging golfvallarins í Hólsdal er á vegum sjálfseignarstofnunar (Leyningsás) þar sem Fjallabyggð er stofnaðili, bæjarfélagið lagði til land og kr. 16.000.000, þessi uppbygging hefur kostað um 400 milljónir króna. Það þarf engan snilling til að sjá að hér er ekki um gróðafyrirtæki að ræða heldur fyrst og fremst uppbygging á innviðum samfélagsins. Afstaða bæjarráðs til styrkbeiðni GKS sem aðeins er að biðja um sama rekstrarstyrk og veittur hefur verið undanfarin ár er vægast sagt undarleg.

Rekstrarsamningur Fjallabyggðar og Golfklúbbs (Fjallabyggðar) Ólafsfjarðar var hækkaður úr kr. 1.500.000 í kr. 2.900.000 á þessu ári, um er að ræða rekstur á golfvöllinum í Ólafsfirði, óskað er eftir svörum og upplýsingum sbr. eftirfarandi:

1. Af hverju er þessi rekstrarstyrkur hækkaður um kr. 1.400.000.
2. Óskað er eftir fundargerðum þeirra nefnda og ráða sem ákváðu þessa hækkun
3. Fjölgaði brautum vallarins eða jókst umfang rekstursins á milli ára.
4. Í þágu hverja er Fjallabyggð að greiða fyrir þessa umhýrðu og í hvað er styrkurinn ætlaður
5. Hverjar eru fjárveitingar til framkvæmda á Skeggjabrekkuvelli í ár og næstu 4 ár
6. Samræmist það jafnræðisreglu að mismuna íþróttafélögum með þessum hætti
7. Geta íþróttafélög eða félagasamtök átt von á því að missa styrk frá sveitarfélaginu ef fjármögnun íþróttamannvirkja er með öðrum hætti en í gegnum sveitarsjóð.
8. Tekjur af félagsgjöldum renna þau beint til Fjallabyggðar eða í GFB.

Það skal áréttað hér að nafni Golfklúbbs Ólafsfjarðar var breytt í Golfklúbb Fjallabyggðar á aðalfundi GÓ án samráðs við Golfklúbb Siglufjarðar, klúbbarnir hafa því ekki verið sameinaðir.

Það er undarlegt ef það þarf að benda bæjarráðsmönnum á þá ólgu sem virðist vera að gerjast vegna sameiningar bæjarfélagana og ákvarðana sem teknar hafa verið ,þessi ákvörðun er síst til þess fallin að lægja þær öldur

Svo hef ég en ekki fengið þau gögn úr þeim þremur fundargerðum sem ég óskaði eftir frá fyrsta bréfinu sem ég sendi á ykkur né svör vegna óska um bætur fyrir framkvæmdir á Hólsvelli ,en sem kunnugt er úthlutaði sveitarfélagið landi sem GKS hafði og hefur haft til afnota að Hóli frá 1970 til hestamannafélagsins .

Fordæmi vegna bóta fyrir landmissi og vegna framkvæmda á því er samningur við Hestamannafélagið Glæsi vegna úthlutunar á landi til Leyningsáss vegna uppbyggingar golfvallar í Hólsdal.



Jóhann Már Sigurbjörnsson fh. GKS